



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Viðhorf dagforeldra 2019-2020



Skrifstofa sviðstjóra – tölfræði og rannsóknir
Maí 2021

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Niðurstöður	4
Skipulag daggæslu	4
Eftirlit og ráðgjöf.....	5
Samvinna	8
Námskeið	9
Ánægja með upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg.....	9

Inngangur

Í maí – júní 2020 var framkvæmd könnun meðal dagforeldra í Reykjavík af hálfu skóla- og frístundasviðs. Þetta var í áttunda sinn sem slík könnun var framkvæmd en fyrsta könnunin var gerð árið 2006.

Markmið könnunarinnar er m.a. að kanna skipulag daggæslu, upplýsingagjöf til foreldra, ráðgjöf til dagforeldra og eftirlit með starfseminni. Sendar voru út 119 beiðnir um þátttöku á netföng dagforeldra og síðar var hringt í hluta þeirra til að auka þátttöku í könnuninni. Á endanum var svarhlutfall í könnuninni um 64% eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Svarhlutfall

Sent	Svör	Svarhlutfall
119	76	64%

Um 40% svarenda hafði starfað sem dagforeldri í 2 til 10 ár eins og sjá má í töflu 2 en 43% hafði starfað í 14 ár eða lengur. Flestir dagforeldranna sem svöruðu könnuninni störfuðu í Breiðholti eða í Grafarvogi/Kjalarnesi, eða um 22% í hvorum borgarhluta fyrir sig.

Tafla 2. Hve lengi hefur þú starfað sem dagforeldri?

	Fjöldi	Hlutfall
1 ár eða skemur	4	5%
2-4 ár	5	7%
5-7 ár	12	16%
8-10 ár	12	16%
11-13 ár	10	13%
14 ár eða lengur	33	43%
Samtals	76	100%

Flestir dagforeldranna sem svöruðu könnuninni störfuðu í Breiðholti eða í Grafarvogi/Kjalarnesi, eða um 22% í hvorum borgarhluta fyrir sig, eins og tafla 3 sýnir. Fæstir störfuðu í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.

Tafla 3. Í hvaða borgarhluta ertu með daggæsluna?

	Fjöldi	Hlutfall
Vesturbær – Miðborg – Hlíðar	12	16%
Laugardalur – Háaleiti – Bústaðir	16	21%
Breiðholt	17	22%
Árbær – Grafarholt – Úlfársdalur	14	18%
Grafarvogur – Kjalarnes	17	22%
Samtals	76	100%


Niðurstöður

Skipulag daggæslu

Hjá öllum dagforeldrum sem svöruðu könnuninni komu börn og foreldrar fyrst í stutta heimsókn áður en eiginleg aðlögun hófst eins og sjá má á mynd 1. Langflestir dagforeldrar gerðu skriflegan dvalarsamning við foreldra og kynntu fyrir þeim reglur um niðurgreiðslur. Flestir dagforeldrar voru með foreldraviðtöl áður en vistun hófst en fáir voru með formlega foreldrafundi fyrir foreldrahópinn.

Mynd 1


Hvað af eftirfarandi á við um þína daggæslu?



Í könnuninni var spurt um hvort rýmingaráætlun, áætlun um brunavarnir, hreinlætis/þrifaáætlun og sýnileg gjaldskrá væru til staðar hjá dagforeldrum. Á mynd 2 sést að um 82% voru með rýmingaráætlun og 79% voru með áætlun um að yfirfara brunavarnir. Um 37% voru með sýnilega gjaldskrá.

Mynd 2

Hvað af eftirfarandi á við um þína daggæslu (áætlanir og gjaldskrá)?



Hjá 60% dagforelda komu foreldri með barn sitt einu sinni í heimsókn að meðaltali áður en aðlögun hófst. Hjá um 25% kom barn tvisvar í heimsókn áður en aðlögun hófst og hjá 16% dagforeldra þrisvar sinnum eða oftár. Hjá langsamlega flestum dagforeldrum eða um 80%, var áætlaður tími í aðlögun 4-7 dagar. Hjá um 13% dagforeldra var áætlaður tími 1-3 dagar en hjá um 7% þeirra var aðlögunartíminn meiri en 7 dagar.

Rúmlega helmingur þeirra dagforeldra sem svöruðu fór að jafnaði daglega út með börnin eins og tafla 4 sýnir. Nánast öll börn hjá dagforeldrum fengu einhverja útiveru í hverri viku.

Tafla 4


Hversu oft að jafnaði fara börnin í útiveru á viku?

Tíðni útiveru	Hlutfall
Aldrei	1%
1-2 sinnum í viku	5%
3-4 sinnum í viku	31%
Daglega	53%
Oftar	9%

Langalgengasta tegund upplýsingaflæðis frá dagforeldri til foreldra var í gegnum munnleg samskipti, líkt og mynd 3 sýnir. Hlutfall dagforeldra sem notar SMS skilaboð til að koma upplýsingum til foreldra, jókst frá árinu 2016 til 2018 úr 6% upp í 68% en lækkaði árið 2020 í 63%. Þeim hefur fækkað sem notast við facebooksíðu til upplýsingamiðlunar, hlutfallið var 31% árið 2018 en 21% í könnuninni 2020.

Mynd 3

Hvernig fer upplýsingagjöf til foreldra fram?¹



Dagforeldrar sem merktu við svarmöguleikann *með öðrum hætti* nefndu í opnu svari að þar væri helst um að ræða tölvupóst.

¹ Merkja mátti við allt sem við átti og því er samanlagt hlutfall herra en 100%.


Eftirlit og ráðgjöf

Eftirlitsaðili með daggæslu á að koma þrisvar sinnum á ári í ótilkynntar heimsóknir. Stærsti hluti dagforeldra eða 85% fannst árið 2020 að fjöldi eftirlitsheimsókna væri hæfilega mikill.

Dagforeldrar voru langflestir ánægðir með eftirlit með starfssemi þeirra, eða 88% eins og mynd 4 sýnir. Þetta hlutfall hefur hækkað um 9 prósentustig frá árinu 2018 og var árið 2020 svipað því sem það var árið 2016.

Mynd 4


Ég er ánægð(ur) með eftirlitið með daggæslunni



Dagforeldrum fannst langflestum að eftirlitið taki á þeim þáttum sem eru mikilvægir og langflestir voru ánægðir með að fá niðurstöður eftirlits sendar með tölvupósti eins og mynd 5 sýnir.

Mynd 5

Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingum um eftirlit?




Daggæsluráðgjafar á vegum þjónustumiðstöðva eiga að heimsækja hverja daggæslu að minnsta kosti einu sinni á ári og voru dagforeldrar spurðir út í stuðning ráðgjafanna við daggæsluna. Flestir svarenda eða 67% fengu eina heimsókn daggæsluráðgjafa á seinustu 12 mánuðum en 90% fékk eina eða fleiri heimsóknir. Um 10% dagforeldra sögðust ekki hafa fengið heimsókn frá daggæsluráðgjafa undanfarna 12 mánuði. Um 15% dagforeldra hefðu viljað fá fleiri heimsóknir daggæsluráðgjafa².

Á mynd 6 sést að langflestir dagforeldrar eða 93% voru ánægðir með samskiptin við daggæsluráðgjafann, sem er sama hlutfall og árið 2018. Langflestir voru einnig ánægðir með seinustu heimsón daggæsluráðgjafa. Um 77% voru sammála því að þeir fengju nægan faglegan stuðning og ráðgjöf við starfið.

Mynd 6

Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingum varðandi ráðgjöf til dagforeldra?




² Þess má geta að vegna fyrstu bylgju Covid-19 tveimur til þremur mánuðum áður en könnunin var lögð fyrir, voru heimsóknir eftirlitsaðila og daggæsluráðgjafa færri en í venjulega árferði.

Samvinna

Um 57% dagforeldra voru í *mjög*- eða *frekar mikilli* samvinnu við aðra dagforeldra samkvæmt könnuninni eins og mynd 7 sýnir, samanborið við 47% árið 2018. Tæpur þriðjungur var í *mikilli* samvinnu við þjónustumiðstöð en fáir voru í *mikilli* samvinnu við leikskólana.

Mynd 7^{3 4}


Með hvaða aðilum ertu í markvissri samvinnu við og að hve miklu leyti?



Dagforeldrarnir voru spurðir út í hversu *mikilvæga* eða *léttvæga* þeir teldu samvinnu við fyrrnefnda aðila. Dagforeldrum fannst flestum þjónustumiðstöð og aðrar daggæslur *mikilvæg* eins og sjá má á mynd 8. Séu myndir 7 og 8 bornar saman, sést að heilt yfir töldu mun fleiri dagforeldrar að samvinna við þessa aðila væri *mikilvæg* heldur en umfang samvinnunnar raunverulega var.

Mynd 8

Mikilvægi samvinnu




³ Í spurningu um hve mikil samvinna við aðra aðila væri vantaði 4 svör um samvinnu við aðrar daggæslur, 8 svör um samvinnu við þjónustumiðstöð og 12 svör um samvinnu við leikskóla í hverfinu.

⁴ Í spurningu um mikilvægi samvinnu við aðra aðila vantaði 9 svör um mikilvægi samvinnu við aðrar daggæslur, 9 svör um mikilvægi samvinnu við þjónustumiðstöð og 12 svör um mikilvægi samvinnu við leikskóla í hverfinu.

Eins og áður kom fram þá áttu dagforeldrar að jafnaði í mestri samvinnu við aðra dagforeldra og voru þeir í könnuninni spurðir nánar út í þá samvinnu. Á mynd 9 sést að í flestum tilvikum fólst samvinnan í því að dagforeldrar voru að veita hverjir öðrum *ráðgjöf og stuðning varðandi börnin*. Töluvert var einnig um að dagforeldrar hittust með börnin eða veittu hverjir öðrum *ráðgjöf/stuðning varðandi foreldra*.

Mynd 9

Í hverju felst samvinnan við aðra daggæslu?



Í opinni spurningu sögðu dagforeldrar frá því hvers konar samvinnu þeir myndu vilja við áður nefnda aðila. Hér var minnst á að dagforeldrar hittust oftast til að ráða ráðum sínum, t.d. í þjónustumiðstöðvum, opin hús hjá leikskólunum fyrir dagforeldra og einhverskonar fræðslu handa dagforeldrum.


Um 44% dagforeldra fannst *mjög* eða *frekar mikilvægt* að Reykjavíkurborg leiti leiða til að fjölda dagforeldrum sem starfa tveir og tveir saman fremur en einir. Um 30% merktu við *mjög* eða *frekar lítilvægt* og 26% merkja við *hvorki né*.

Ánægja með upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg

Um 40% dagforeldra var *mjög* eða *frekar ánægður* með upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg vegna starfs þeirra sem dagforeldris. Tæpur þriðjungur var *frekar* eða *mjög óánægður* með upplýsingagjöfina. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 12.

Mynd 12

Ánægja eða óánægja með upplýsingagjöf Reykjavíkurborgar til dagforeldra.



Að lokum var dagforeldrum gefinn kostur á að koma einhverju á framfæri varðandi starf sitt sem dagforeldri. Helst nefndu dagforeldrar að þeir vildu hærri niðurgreiðslur frá borginni með börnunum. Þá vildu þeir sjá að meiri virðing væri borin fyrir starfi þeirra af embættismönnum Reykjavíkurborgar og af borgarfulltrúum. Fannst þeim mörgum að stjórnámamenn töluðu niður til dagforeldra líkt og vistun barna hjá dagforeldri væri síðri kostur en vistun í leikskóla.

Dagforeldrum fannst að taka þyrfti meira tillit til þeirra við innritun barna í leikskóla enda fengju þeir iðulega seint upplýsingar um hvenær börn kæmust að á leikskólum. Einhverjir nefndu að hópur foreldra vildi frekar að ung börn væru í vistun hjá dagforeldrum heldur en leikskólum enda væru færri börn og rólegra hjá dagforeldrum en í leikskólum. Þá hefði verið skortur á upplýsingum til dagforeldra vegna stöðunnar hverju sinni á tímum Covid 19 faraldursins.